



Greining á söluskrám fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni á árinu 2014.

1. Inngangur og markmið

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 skal varnarefnum skipað í tvo flokka eftir því hvers konar notendum þau er ætluð. Annars vegar er um að ræða vörur sem ætlaðar eru til almennrar notkunar og allur almenningur hefur heimild til þess að kaupa og nota og hins vegar vörur sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni og tilgreindar eru sem tiltekin varnarefni í efnalögum.

Samkvæmt 24. gr. efnalaga skulu þeir sem setja á markað tiltekin varnarefni, þ.e. plöntuverndarvörur og útrýmingarefni, sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni, halda skrá yfir söluna og afhenda Umhverfisstofnun því formi sem hún tilgreinir.

Notendaleyfi þarf til þess að mega kaupa og nota varnarefni sem eingöngu eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni og skulu þeir sem nota sæfivörur til útrýmingar dýra hafa notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum en þeir sem nota plöntuverndarvörur í landbúnaði og garðyrkju notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum. Samkvæmt 24. gr. efnalaga ber sá sem setur á markað tiltekin varnarefni ábyrgð á því að umræddar vörur séu einungis afhentar þeim sem eru með gild notendaleyfi frá Umhverfisstofnun eða önnur sambærileg leyfi samkvæmt eldri ákvæðum í laga og reglugerða.

2. Framkvæmd og niðurstöður

Umfang verkefnisins náði að þessu sinni til allra plöntuverndarvara sem einungis eru ætlaðar eru til notkunar í atvinnuskyni og útrýmingarefna til eyðingar nagdýra, sem falla undir vöruflokk 14 innan sæfivara og eru sömuleiðis einungis til notkunar í atvinnuskyni. Í lok janúar 2015 kallaði Umhverfisstofnun eftir skrá m vegna sölu á þessum vörum á árinu 2014 þar sem fram kæmu eftirfarandi upplýsingar: heiti vöru, selt magn, dagsetning á sölu og nafn kaupanda í öllum viðskiptum sem áttu sér stað með umræddar vörur. Í 1. töflu má sjá þau fyrirtæki sem voru í úrtakinu. Veittur var frestur til 1. mars 2015 til að skila gögnum til stofnunarinnar og skiluðu öll fyrirtæki gögnum innan tiltekins frests.

1. tafla. Fyrirtæki í úrtaki við vegna afhendingar á söluskrám fyrir tiltekin varnarefni árið 2014.

Fyrirtæki:	Setur á markað:
	Plöntuverndarvörur Útrýmingarefni
Demeter ehf	X
Frjó Umbúðasalan ehf	X
Garðheimar Gróðurvörur ehf	X
Kartöflusala Þykkvabæjar ehf	X
Kemi ehf	X
Ráðtak, meindýr og varnir ehf	X
Senia ehf	X
Streymi heildverslun ehf	X

Á árinu 2014 voru seldar 36 mismunandi plöntuverndarvörur sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni (2. tafla). Salan nam alls 2.238 kg og þessar vörur innihéldu 38 mismunandi virk efni sem vógu samtals 734 kg. Í 3. töflu má sjá hvernig magn virku efnanna deildist á mismunandi flokka plöntuverndarvara. Mest var selt af sveppaeyðum, 321 kg af virku efni, 251 kg af illgresiseyðum, 159 kg af skordýraeyðum og 4 kg af stýriefnum.

Af útrýmingarefnum seldust 6 mismundandi vörur sem innihéldu 2 mismunandi virk efni og bæði voru það nagdýraeyðar (2. tafla). Alls vógu þessar vörur 8.238 kg en vegna þess að styrkur virku efnanna í þeim er einungis 0,005% nam heildarmagn virkra efna aðeins 0,4 kg eða jafngildi 0,06% af heildarsölu ársins á þessum vörum mælt í kg af virkum efnum (3. tafla).

2. tafla. Sala á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni á árinu 2014.

	Plöntuverndarvörur	Útrýmingarefni
Fjöldi vara í sölu	36	6
Fjöldi virkra efna	38	2
Sala alls af vörum	2.238 kg	8.238 kg
Sala alls (sem magn af af virku efni)	734 kg	0,4 kg

3. Sala á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni á árinu 2014.

Flokkur	Fjöldi virkra efna	Selt, kg af virku efni	Hlutfall
Sveppaeyðar	16	321 kg	44%
Illgresiseyðar	8	251 kg	34%
Skordýraeyðar	12	159 kg	22%
Stýriefni	2	4 kg	0,5%
Nagdýraeyðar	2	0,4 kg	0,06%



Gögn sem fást úr söluskrám má nota til þess að reikna út hve mikið er selt af plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni í kg af virku efni. Í 1. viðauka má sjá sölua sundurliðaða eftir flokki efna og kg virku efni.

Eins og fram kemur hér að framan má einungis afhenda þeim tiltekin varnarefni, sem eru með notendaleyfi frá Umhverfisstofnun eða samsvarandi leyfi í gildi. Í söluskrám fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni koma fram upplýsingar um kaupanda að vörum og með því að bera þær saman við leyfishafa í gagnagrunni Umhverfisstofnunar kemur fram hverjir voru með notendaleyfi í gildi þegar viðskiptin áttu sér stað, hvern leyfi voru runnin út og hverjir höfðu aldrei verið handhafar notendaleyfis eða sambærilegs leyfis.

Þessi samanburður leiðir í ljós að stór hluti þeirra 126 einstaklinga sem keyptu plöntuverndarvörur á árinu 2014, þar sem krafist er notendaleyfis, voru ekki með leyfi í gildi (4. tafla). Af þeim voru 27 einstaklingar (22%) með útrunnið leyfi og 76 einstaklingar (60%) sem höfðu aldrei haft notendaleyfi eða annað sambærilegt leyfi. Mun hærri hlutfall kaupenda að útrýmingarefnum var með leyfi í gildi, eða 61 einstaklingur (80%) af þeim 76 sem keyptu slíkar vörur á árinu 2014. Í þessum hópi voru 4 kaupendur með útrunnið leyfi og 11 sem aldrei höfðu haft notendaleyfi eða annað sambærilegt leyfi.

4. tafla. Staða notendaleyfa hjá kaupendum af plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni vegna kaupa á árinu 2014.

	Notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum		Notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kaupandi með leyfi í gildi	23	18%	61	80%
Kaupandi með útrunnið leyfi	27	22%	4	5%
Kaupandi aldrei haft leyfi	76	60%	11	14%
Kaupendur alls	126		76	

3. Lokaorð

Þetta er í fyrsta sinn sem kallað er eftir skilum á söluskrám vegna sölu á tilteknum varnarefnum á grundvelli nýrra efnalaga og gengu þau greiðlega fyrir sig. Rétt er þó að nefna að form ganganna var talsvert mismundandi frá einu fyrirtæki til annars og tafði það aðeins fyrir úrvinnslu þeirra. Stofnunin mun því í framtíðinni gefa skilaskyldum fyrirtækjum fyrirmæli um það á hvaða formi hún kjósi að fá gögnin til þess að þau verði sem aðgengilegust til úrvinnslu.

Miklar breytingar hafa orðið á ákvæðum laga og reglugerða á undanförunum árum í þessum málaflokki og hefur Umhverfisstofnun eftir föngum lagt sig fram við að kynna þau fyrir hagsmunaaðilum. Ljóst er að það kynningarstarf hefur ekki fyllilega náð eyrum allra, sem meðal annars birtist í því hve margir kaupendur plöntuverndarvara og útrýmingarefna, sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni, hafa fengið slíkar vörur í hendur.

Reglurnar hvað þetta varðar eru skýrar og mun stofnunin fylgja því fast eftir á komandi misserum með kynningingarstarfi og eftirliti að eftir þeim sé farið. Snýr það bæði að þeim einstaklingum sem þurfa að verða sér úti um notendaleyfi til að kaupa og nota þessar vörur og söluaðilum sem bera ríkar skyldur þegar kemur að því að ganga úr skugga um það við sölu að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

27. ágúst 2015

Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri



UMHVERFISSTOFNUN

1. viðauki. Sala á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum 2014. Sundurliðað eftir kg af hverju virku efni.

Sveppaeyðir	kg	Skordýraeyðir	kg	Illgresiseyðir	kg	Stýriefni	kg	Útrýmingarefni	kg
fluazínam	147	dímetóat	134	díkvat-díbrómíð	297	etefón	2	brómadíólón	0,398
pensýkúrón	66	pírímíkarb	11	aklónífen	57	klórmekvatklóríð	1	dífenakúm	0,014
ípródíón	27	<i>Bacillus thuringiensis</i>	4	naprópamíð	19				
þíófanatmetýl	24	maltódestrín	3	þífensúlfúrónmetýl	3				
próklóras	16	ímídaklópríð	2	rímsúlfúrón	2				
pýridat	14	asadíraktín	2	klómasón	1				
metalaxýl-M	6	abamektín	1	kletódím	1				
própamókarb	6	bífenasat	1	própakvisafóp	1				
tíabendasól	5	pýretrín	1						
fosetýl-Al	4	Metarhizium anisopliae	0,2						
dímetómorf	3	spínósað	0,1						
imasalíl	2	Snýkjusveppurinn <i>Paecilomyces</i>	0						
fenhexamíð	2								
penkónasól	1								
boskalíð	0,4								
kresoxím-metýl	0,4								
Sveppaeyðar, kg alls	321	Skordýraeyðar, kg alls	159	Illgresiseyðar, kg alls	251	Stýriefni, kg alls	3,5	Útrýmingarefni, kg alls	0,412